# Fræðslu- og forvarnaefni á netinu
## Heilbrigð sjálfsmynd og netnotkun

XXX Vorráðstefna

Greiningar – og ráðgjafarstöðvar ríkisins
8.-9. maí 2015

**Fötluð börn verða fullorðin**

María Jónsdóttir félagsráðgjafi

# Tilurð verkefnisins

- Þörf á aukinni fræðslu um netöryggi fyrir ungt fólk með frávik í tauga- og eða vitsmunaþroska
  - Styrkur frá Soroptimista konum í Reykjavík
  - Styrktarsjóður Þorsteins Helga Ásgeirssonar
- Val á efni: Sjónrænt fræðsluefni, myndskreytt í tölvu hefur reynst vel til að ná til ungs fólks með frávik í tauga- og vitsmunaþroska
  - Guðrún Þorsteinsdóttir félagsráðgjafi og Laufey Gunnarsdóttir þroskaþjálfi fengnar til samstarfs til að taka viðtöl og greina þemu

# Framkvæmd

- Viðtöl við 10 ungmenni með röskun á einhverfurófi
  - 8 stúlkur á aldrinum 14-21 árs
  - 2 piltar 15 ára og 19 ára
  - Rætt var við nokkra foreldra
- Aflað var upplýsinga um reynslu þeirra af netinu og hvað þau og foreldrar telja að þurfi helst að varast eða fá fræðslu um í tengslum við netnotkun og ástarsambönd
- Upplýsingarnar nýttar til að kortleggja þörfina og semja efni
- Fundin út ákveðin þemu- ekki hægt að rekja til þátttakenda

# Aðferð

- Fyrsta viðtal: Reynsla þátttakenda kortlögð
- Annað viðtal: Kanna þekkingu út frá spurningalista
- Þriðja viðtal: Veita fræðslu út frá niðurstöðum spurningalista
- Foreldrar með í fyrsta viðtali og oftar ef ungmennin óskuðu þess
  - Mikilvægt að hafa foreldra með í fyrsta viðtalinu – koma með sjónarhorn og upplýsingar sem skipta máli

# Viðtölin - ungmennin

- Mikill munur á hverjum og einum
  - Stúlkur almennt meðvitaðari um hættur en piltar en þær gæta sín misvel
  - Stúlkur í leit að viðurkenningu og fúsar til að gera ýmislegt (sumar) en piltar í leit að rómantísku sambandi en skortir þekkingu og færni hvernig eigi að bera sig að
- Áhugi á samskiptum við hitt kynið frekar mikill

# Viðtölin - ungmennin

- Ólík reynsla og viðbrögð í aðstæðum
  - Upplifun þeirra ekki endilega slæm þó aðrir túlki þær þannig
- Samráð ungmennanna við foreldra mismikið
  - Mismunandi mikill stuðningur frá foreldrum
  - Mismikill vilji ungmennanna til slíks stuðnings
  - Sumir foreldrar voru með mikið eftirlit aðrir lítið
  - Sumir foreldrar þreyttir og sýndu uppgjöf
  - Togast á löngunin í viðurkenningu, viljinn til sjálfstæðis og þörfin fyrir að þiggja leiðbeiningar og aðstoð

# Viðtölin - ungmennin

- Kunna illa að lesa úr hættum, greina einkarými og almannafæri, muninn á ókunnugum, kunningja, vini og kærasta
- Skortur á innsæi í aðstæður og atburði
- Sjálfsmynd – réttur til að segja „nei“ – lesa rétt í hrós
- Mismeðvituð um einhverfueinkennin og hvað ber að hafa í huga eða varast í því samhengi
  - „Hvað gerir mig berskjaldaða(n)?“
- Takmörkuð þekking foreldra á samskiptamiðlum

# Dæmi úr veruleikanum

- Kærustupar (15 ára) í svæsnu kelerii inni í herbergi með hóp af strákum í sama herbergi
- Stúlka undir lögaldri hittir mun eldri mann eftir samskipti við hann á netinu. Lætur ekki vita af sér fyrr en næsta dag og svarar ekki síma
- Ókunnugir senda vinabeiðni t.d. á Skype eða Facebook
- Ókunnugir hrósa og biðja um nektarmyndir eða hreyfimyndir

# Dæmi úr veruleikanum

- Piltar sem óska eftir kynnum og vilja samband en orða á óheppilegan hátt, túlkað sem gróf áreitni og brugðist við sem slíkri
- Vefsíður fyrir fólk í leit að samskiptum (einkamal.is, tinder.com....)
- Erfitt að fylgjast með nýjungum, bregðast við, öryggisráðstafanir duga skammt

# Myndskreytt fræðsluefni unnið út frá þemum úr viðtölum

1. Sjálfsmynd
2. Netöryggi og viðeigandi samskipti á netinu
3. Vinátta
4. Sambönd
5. Þróun ástarsambanda

# Ný vefsíða

## www.leikni.is (sept 2015)

- Mikil þörf fyrir einfalt og aðgengilegt efni á einum stað fyrir börn ungmenni með frávik í taug- og eða vitsmunaþroska  Leikni.is  mun mæta þeirri þörf
- Meðal efnis vefnum:
  - Myndskreytt fræðsluefni sem er afurð þessa verkefnis sem hér að hluta til kynnt
  - Gagnvirkir leikir
  - Kennsluefni
  - Upplýsingar um góð „öpp og fleira spennandi“

# Að lokum

- Það er von okkar að fræðsluefnið sem hér er í fæðingu verði gott veganesti fyrir ungt fólk í tengslum við heilbrigð samskipti á netinu sem annars staðar
- Við erum þátttakendum, Soroptimista konum í Reykjavík og sjóði Þorsteins Helga endanlaust þakklát fyrir framlag þeirra sem gerði okkur kleift að hrinda þessu verkefni í framkvæmd

María, Guðrún, Laufey, Sigmundur og Viktoría